



## Nýnemadansleikur

Nemendafélagið stendur fyrir dansleik fimmtudaginn 10. september. Ballið verður í Kaplakrika að þessu sinni og stendur frá klukkan 21:30 til 01:00. Nýnemaballið er með stærri dansleikjum vetrarins og mikil stemning fyrir því. Flestir bekkir hittast fyrir um kvöldið í heimahúsum og beinum við þeim tilmælum til foreldra og forráðamanna að leyfa hvorki eftirlitslaus parti né meðferð áfengis. Undanfarin ár hafa dansleikir okkar farið mjög vel fram og nemendur verið til fyrirmyndar í alla staði. Til þess að forðast allan truðning fyrir utan staðinn eiga nemendur að mæta skv. eftirfarandi tímatoflu:

1. ár mætir milli 21:30-21:50 og blæs í áfengismæli.
  4. bekkur mætir milli 21:50-22:10
  5. bekkur mætir milli 22:10-22:30
  6. bekkur mætir milli 22:30-22:50 og húsið lokar stundvíslega klukkan 23:00.
- Edrúppotturinn verður á sínum stað.

Skólinn vill hvetja foreldra og forráðamenn til þess að taka vel í beiðni Foreldraráðs um að mæta í svokallaða ballgæslu, sjá til hliðar. Við þreymst seint á að segja öllum sem heyra vilja hversu mikilvæg nærvera foreldra er varðandi umgjörð dansleikjanna. Öryggið hefur aukist til muna og yfirbragðið allt rólegra í kringum ballstaðina.

Í ár verður gerð tilraun til þess að nýta daginn eftir dansleik sem best. Kennarar hafa gjarnan haft orð á að nemendur væru illa upplagðir eftir dansleiki vegna þreytu og á það almennt við um alla nemendur. Skýringin er m.a. sú að langan tíma tekur fyrir nemendur að komast heim til sín að balli loknu. Nemendur sem mæta á bílum eru t.d. vakandi manna lengst þar sem þeir sjá um að skutla skólafélögum sínum heim. Til þess að lengja aðeins nætursvefninn verður búin til ný stundatafla eftir dansleik. Þá verða þrjú fyrstu tímar fyrir hádegi styttr um 15 mín. hver og þá hringt inn í fyrsta tíma klukkan 9:00.

Stundatafla eftir ball

Tími	Hringt inn	Hringt út
1	09.00	09.45
09.45-10.05	frímínútur	frímínútur
2	10.05	10.50
3	11.00	11.45

## Viðvera og tilkynning fjarvista

Skólinn er opnaður alla virka daga kl. 7:30 og fylgir að öðru leyti opnunartíma bókasafns. Eftir klukkan 15:00 er einungis hægt að komast inn hjá vaktmanni að sunnanverðu, við hlið íþróttahúss.

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga.

Tilkynna ber veikindi og önnur óhjákvæmileg forföll fyrir kl. 9:30 að morgni alla veikindadaga. Foreldrar og forráðamenn geta gert það í gegnum Innu og það á einnig við um foreldra og forráðamenn eldri en 18 ára ef nemendur hafa opnað fyrir foreldraaðganginn. Einnig er hægt að hringja skrifstofu skólans, í síma 5 900 600. Ef nemandi er veikur í tvo daga eða lengur ber honum að skila læknisvottorði. Alvarleg veikindi þarf aðeins að tilkynna í upphafi, enda skili nemandi læknisvottorði strax og skólasókn hefst að nýju.

Nemendur geta leitað aðstoðar og fengið allar þær upplýsingar sem þeir þurfa á skrifstofu skólans. Einnig má senda tölvu-póst á Jónínu, [jonina@verslo.is](mailto:jonina@verslo.is) og Eygló, [eyglo.sigridur@verslo.is](mailto:eyglo.sigridur@verslo.is)

Í reglum Verzlunarskólans er lögð áhersla á að nemendur mæti vel og sinni náminu af kostgæfni. Reynslan sýnir jafnframt að fyrstu merki þess að nemendum sé hætt við að missa tókin á námi sínu sjáist á mætingunni. Næstu daga munu nemendur sem eru komnir undir 90% viðveru án skýringa fá viðvörunarbréf vegna mætingar. Nemendur sem fá viðvörunarbréf hafa áður fengið tiltal frá umsjónarkennara og þeir hvattir til þess að bæta mætingu sína. Við hvetjum foreldra til þess að fylgjast vel með mætingu barna sinna enda er það umfram allt ósk okkar að nemendur taki þessum viðvörunum alvarlega svo ekki komi til áminningar.

## Frá Foreldraráði VÍ

Nýtt starfsár er hafið með áhuga-verðum verkefnum og viðburðum. Stjórnin hlakkar til samstarfsins og kallar eftir kraftmiklum og hressum foreldrum í lið með sér að standa undir hlutverki sínu sem bakhjarl við krakkana okkar og skólástjór-nendur. Minnum á [FB síðu félagsins](#) sem er vettvangur samskipta og upplýsingamiðlunar. Handan við hornið:

- Nýnemaballið en þar gefur Foreldraráð 10x10.000 kr. gjafakort í edrúppottinn.
- Ballgæsla í vetur – skorum á ÞIG „pabbi/mamma“ til að taka a.m.k. eina vakt (2klst)! Böllin eru 6 og þarf skólinn hóp foreldra til aðstoðar á hverja vakt. Skráning á Fbsíðunni.
- Félagsgjaldið 1500 kr. – valfrjálsir greiðsluseðlar birtast bráðlega í heimabönkum foreldra
- Aðalfundur, innsýn í NFVÍ, veitingar og fyrirlestur þann 29. sept. – Takið kvöldið frá!

Allir foreldrar boðnir velkomnir að njóta fjölbreyttrar dagskrár og veitinga sem og tækifæris til að hitta og spjalla við aðra foreldra. Páll Ólafsson, félagsráðgjafi og fimm barna faðir verður með áhugaverðan en umfram allt skemmtilegan fyrirlestur „Jákvæð samskipti foreldra og unglinga“. Hvað ber að varast, hvernig næ ég sambandi, hvað á ég að segja?

Á stuttum aðalfundi verður síðasta starfsár gert upp skv. lögum félagsins og línur þess næsta lagðar. Áhugasamir foreldrar eindregið hvattir til að gefa kost á sér í stjórn foreldraráðsins.